

531. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 11. desember
2019 og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Sigurður Mar Óskarsson formaður, Anton Helgi Guðjónsson varaformaður, Þóra Marý Arnórsdóttir aðalmaður, Smári Karlsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Jóna Símonía Bjarnadóttir og Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður.

Embættismenn:

Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá:

1. Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði. Stefnisgata 5 - 2019090004

Eliás Guðmundsson sækir um lóð f.h. Nostalgíu ehf., sótt er um lóð við Stefnisgötu nr. 5, Suðureyri. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 31.08.2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Nostalgía ehf. fái lóð við Stefnisgötu nr. 5, Suðureyri skv. núgildandi skipulagi og umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun.

2. Umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði. Skólagata 8 - 2019090005

Eliás Guðmundsson sækir um lóð f.h. Nostalgíu ehf., sótt er um lóð við Skólagötu nr. 8, Suðureyri. Fylgigögn eru undirrituð umsókn dags. 31.08.2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að Nostalgía ehf. fái lóð við Skólagötu 8, Suðureyri, skv. núgildandi skipulagi og umsókn með þeim reglum sem í gildi eru og settar kunna að verða. Lóðarumsókn fellur úr gildi hafi teikningar ekki borist Ísafjarðarbæ innan 6 mánaða og framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá úthlutun. Gatnagerðargjald skal lagt á skv. a lið 3. gr. samþykktar um gatnagerðargjald í Ísafjarðarbæ.

Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila óverulega breytingu á deiliskipulagi Suðureyrarmala. Breytingin felur í sér að landnotkun Skólagötu 8,10 og A-Stíg 1 verði breytt úr íbúðarlóðum í lóðir fyrir blandaða starfsemi.

3. Núpur - Uppskipting lóða við Héraðsskólann - 2019110067

Hafsteinn Helgason óskar eftir því f.h. HérNú ehf., að bæjaryfirvöld heimili uppskiptingu lóðarinnar Núpur Héraðsskóli L140979 í þrjár lóðir, að stofnaðar verði tvær nýjar landeignir, sbr. meðfylgjandi uppdrátt dags. okt. 2019 ásamt meðfylgjandi kvöðum. Ásamt undirrituðu eyðublaði F550 dags. 25.10.2019 og erindisbréfi dags. 25. okt. 2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd frestar afgreiðslu. Kvaðir um aðgengi að Sólvöllum og lóðum 2 og 3 og prestbústað þurfa að vera almennar.

4. Stefnisgata 4. Umsókn um atvinnuhúsalóð - 2019110006

Sigmundur Heiðar Árnason, sækir um lóð við Stefnisgötu 4, Suðureyri. Fylgigögn er undirrituð umsókn dags. 1. nóv. 2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar til gr. 1.5 í úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar, þegar sótt er um lóð á skipulögðu svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi þarf að fylgja með lóðarumsókn grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi í byggingunni.

5. Stefnisgata 6. Umsókn um atvinnuhúsalóð - 2019110005

Sigmundur Heiðar Árnason, sækir um lóð við Stefnisgötu 6, Suðureyri. Fylgigögn er undirrituð umsókn dags. 1. nóv. 2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar til gr. 1.5 í úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar, þegar sótt er um lóð á skipulögðu svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi þarf að fylgja með lóðarumsókn grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi í byggingunni.

6. Stefnisgata 8. Umsókn um atvinnuhúsalóð - 2019110004

Sigmundur Heiðar Árnason, sækir um lóð við Stefnisgötu 8, Suðureyri. Fylgigögn er undirrituð umsókn dags. 1. nóv. 2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar til gr. 1.5 í úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar, þegar sótt er um lóð á skipulögðu svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi þarf að fylgja með lóðarumsókn grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi í byggingunni.

7. Stefnisgata 10. Umsókn um atvinnuhúsalóð - 2019110003

Sigmundur Heiðar Árnason, sækir um lóð við Stefnisgötu 10, Suðureyri. Fylgigögn er undirrituð umsókn dags. 1. nóv. 2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar til gr. 1.5 í úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar, þegar sótt er um lóð á skipulögðu svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi þarf að fylgja með lóðarumsókn grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi í byggingunni.

8. A stígur 4, Suðureyrarmalir. Umsókn um lóð - 2019120036

Sigmundur Heiðar Árnason, sækir um lóð við A-Stíg nr. 4, Suðureyri. Fylgigögn er undirrituð umsókn ódags.

Ekki er hægt að úthluta lóð við A-götu 4, þar sem lóðin er ekki auglýst til úthlutunar á lóðarlista Ísafjarðarbæjar. Jafnframt vegna skörunar við þinglýst lóðarréttindi við Freyjugötu 4.

9. Brimbrjótur, Suðureyri - umsókn um lóð fyrir atvinnuhúsnæði - 2019120040

Eliás Guðmundsson sækir um lóð, f.h. Nostalgíu ehf., á Iðnaðar- og athafnasvæði

B20 við brjótinn Suðureyri. Meðfylgjandi umsókn er erindisbréf undirritað af Jóhanni Birki Helgasyni, f.h. Nostalgíu ehf., Klofnings ehf. og Fisherman ehf.

Skipulags- og mannvirkjanefnd hafnar umsókn með vísan í að ekki séu lóðir klárar til úthlutunar, nefndin leggur til við bæjaryfirvöld að boða framkvæmdaraðila til fundar, sbr. bréf framkvæmdaraðila dags. 06.12.2019.

10. Smiðjustígur 2. Umsókn um atvinnuhúsalóð - 2019110007

Sigmundur Heiðar Árnason, sækir um lóð við Smiðjustíg 2, Suðureyri. Fylgigögn er undirritað umsókn dags. 1. nóv. 2019

Skipulags- og mannvirkjanefnd vísar til gr. 1.5 í úthlutunarreglum Ísafjarðarbæjar, þegar sótt er um lóð á skipulögðu svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi þarf að fylgja með lóðarumsókn grunnútlitsteikning af fyrirhugaðri byggingu og itarlegar upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi í byggingunni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15

Sigurður Mar Óskarsson

Anton Helgi Guðjónsson

Þóra Marý Arnórsdóttir

Jóna Símonía Bjarnadóttir

Lína Björg Tryggvadóttir

Axel Rodriguez Överby